

Akranesi 27. 11. 2019

Sendandi: Jóhannes Ingibjartsson, kt 080635 3039

**Athugasemd við frumvarp um Námssjóð námsmanna. . Þingskjal 373 – 329
mál**

Ég undirritaður ábyrgðarmaður námsláns sé mig knúinn til þess að gera athugasemdir við framangreint frumvarp.

Það ákvæði sem athugasemd mín tekur til er **ákvæði II til bráðabirgða** og varðar niðurfellingu ábyrgðar eldri lána. Í lagafrumvarpinu er tekið á því misræmi sem er á eldri og yngri lánum sem voru tengd ábyrgðarmönnum. Í fréttáflutningi tengdu frumvarpinu hefur ítrekað komið fram að með því sé verið að létta ábyrgð á eldri ábyrgðarmönnum til jafnræðis við nýrri kjör. Það virðist mér vera einstaklega frjálstleg túlkun. Ég verð að játa að ég fæ ekki lesið annað út úr frumvarpinu eins og það er orðað að það eigi aðeins við um þá ábyrgðarmenn sem ekki er not fyrir, því sett er sú forsenda að lánstakinn sé ekki á vanskilaskrá við gildistöku frumvarpsins eða við lát ábyrgðarmanns. Mér finnst forsenda um stöðu lántakans sem skilyrði niðurfellingar ábyrgðar algjörlega fráleit. Hún virkar á mig sem sýndarmennska og miðar auk þess við stöðu lántakans á ákveðnum degi („ við gildistöku laganna“) og auk þess háð mati lánasjóðsins á stöðu lántakans ella virðist ábyrgðarmaðurinn bundinn út yfir gröf og dauða.

Þessu vil ég mótmæla kröftuglega. Það er ljóst að í tímanna rás getur margt orðið til þess að ábyrgðarmenn verði að grípa inn í endurgreiðslur, . Nægir þar að nefna slys og veikindi. Slíkt getur verið tímabundið og komið upp hvenær sem er á lífsleiðinni. Hvernig væri að ganga hreint til verks og ákveða hámark ábyrgðartíma, þ.e. styttri en núverandi 40 ára ákvæði, eða að ábyrgð félli niður við ákveðinn skynsamlegan aldur ábyrgðarmanns en umfram allt skilyrðislaus ákvæði. Það getur vart talist eðlileg jafnræðisregla að lánasjóðurinn elti ábyrgðarmann allt fram á grafarbakann á sama tíma og reglur eru settar um niðurfellingu hluta lána námsmanna ef námsframvinda er eðlileg

Virðingarfyllst

Jóhannes Ingibjartsson, kt 080635-3039